

## Fundargerð 116. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 12. október 2017 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Jón Jóhannsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Guðmundur Sigurvinsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Andrés Bjarnason og Þorsteinn Hjálmarsson  
Fjarverandi: Símon Guðvarður Jónsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 115
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Staða mennta- og endurmenntunarmála
4. Erindi frá fulltrúum VM í Sjómannadagsráði
5. Bundin séreign
6. Orlofshús
7. Húsnæðismál Iðnaðarmannafélaga
8. Tilnefning í Siglingaráð
9. Mönnunarmál skipa
10. Lagt fram til upplýsingar

Önnur mál

### 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 11

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð

### 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Mál Akks verður tekið fyrir 30. nóv. 09:00
- Hvalaskoðun og aðgerðir. Heilsíðu auglýsing verður í Fréttablaðinu í morgun.
- SFS viðræðurnar ganga hægt.
- Kjarakönnun að fara af stað og við vonum að þáttaka verði betri en þessi 40% sem hefur verið undanfarið.

### 3. Staða mennta- og endurmenntunarmála

Forstöðumaður mennta og kjarasviðs kom inn á fundinn og fór yfir stöðuna í menntamálum. Árið 2008 var skólum gert að vinna námskrár og starfsgreinaráð átti að fyljast með þeirri vinnu. Það hefur ekki gengið nógu vel skólarnir eru ekki samstíga. Ljóst er að það þarf að vinna í að samræma námskrár á milli skóla, Fagháskólanám sem áður hefur verið rætt um er í óvissu.

#### 4. Erindi frá fulltrúum VM í Sjómannadagsráði

Fundur var um daginn með fulltrúum VM í sjómannadagsráði.

#### 5. Bundin séreign

SA segir að það eigi að bíða eftir lögunum og vill að ASÍ og SA sendi lífeyrissjóðunum erindi um að fresta heimild sjóðsfélaga til að ráðstafa hluta skyldutryggingariðgjalds í tilgreinds séreign þar til Alþingi kemur með lögin. Samkvæmt FME þá máttu ráðstafa bundnu séreigninni eins og þú vilt og spurningin er hvort atvinnulífið verði ekki bara að kingja því amk. þangað til lögin koma. Ekki búið að taka ákvörðun innan ASÍ um hvað eigi að gera, ákveðið að geyma ákvörðunina fram yfir kostningar.

#### 6. Orlofshús

Orlofsnefndin fundaði í morgun. Ljóst er að 3 orlofshús eru svo illa farin að það muni borga sig að byggja ný. Þetta eru Einarstaðir og bæði húsin á Kirkjubæjarklaustri. Farið verður í að leita eftir tilboðum í byggingu á nýjum húsum á þessum stöðum og þegar það er komið verður allt lagt fyrir stjórn. Orlofsnefnd lagði fram tillögu um að kaupa tvær 2ja herbergja íbúðir í Mánatúni og selja íbúðina í Skúlagötu. Tillagan var samþykkt.

#### 7. Húsnæðismál iðnaðarmannafélaga

Formaður sagði frá því að Fit og Samiðn eru að flytja hingað á Stórhöfðann inn til Rafiðnaðarsambandsins en þar er búið að taka húsið í geng og fjölga skrifstofurýmum. Það er aftur búið að biðja okkur um að vera með, ekki var áhugi hjá stjórnarmönnum að ganga inn í þetta samstarf.

#### 8. Tilnefning í Siglingaráð

Lagt fram bréf frá SAMGÖNGU- OG SVEITARSJÓRNARRÁÐUNEYTINGU þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa VM í Siglingaráð. Formaður ferður fulltrúi VM.

#### 9. Mönnunarmál skipa

Breyting á reglugerð um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum er komin. Samkvæmt lögfræðingnum okkar er ekkert sem VM getur gert til að breytingin taki ekki gildi.

#### 10. Lagt fram til upplýsinga

- Formannafundur ASÍ verður haldinn 25. október.
- Skuldbinding SSVM, samþykkt af endurskoðanda
- Kostningaáherslur ASÍ
- Iðan, endurnýjun samkomulags vegna stjórnarskipan fulltrúa í sviðsstjórn.

**Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:30